# Reglugerðabreytingar 2022

Fundur formanna og framkvæmdastjóra

# Lög KSÍ

## Breytingar samþykktar á ársþingi KSÍ 2022

### Grein 33 - Knattspyrnumót

- Íslandsmóti meistaraflokks karla skipt í 7 deildir
- Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót skuli nánar kveðið á fyrirkomulag móta.
- Breytingar skuli gerðar að höfðu samráði við þátttökulið deilda
- Breytingar kynntar eigi síðar en 15. nóvember
- Breytingar festar í reglugerð fyrir 1. desember

# Reglugerð um knattspyrnumót

## Dreifibréf nr. 1/2022

- a) Keppni E og F liða í 5. flokka karla bætt við.
- b) Keppni D liða í 4. flokki karla bætt við.
- c) Keppni C liða í 4. flokki kvenna bætt við.
- d) Ný ákvæði um bikarkeppni í 4. aldursflokki, karla og kvenna.
- e) Fjárhæðum gjalda og sekta breytt í samræmi við breytingar á gjaldskrá KSÍ.

## Dreifibréf nr. 2/2022

- Breytt keppnisfyrirkomulag í efstu deild karla
- Bráðabirgðaákvæði um skipan 4., 5. og Utandeildar karla árið 2023
- Breytt fyrirkomulag um hlutgengi í 2. flokki kvenna

# Reglugerð um knattspyrnumót

## Dreifibréf nr. 3/2022

- Leikmannaskiptingar í efstu deildum og í bikarkeppni KSÍ
- Fimm varamenn – Þrjár leikstöðvanir

## Dreifibréf nr. 5/2022

- Framkvæmd og skipulag leikja
- Félög skuli senda upplýsinga um fjölda áhorfenda innan 8 daga.
- Félög í bikarkeppni senda skrifstofu KSÍ skilagrein yfir fjölda áhorfenda, tekjur og gjöld strax að leik loknum.

# Reglugerð um aga- og úrskurðarmál

## Dreifibréf nr. 1/2022

- Fjárhæð sektar í leikjum í meistaraflokki fyrir hvert refsistig umfram 6 breytt í samræmi við breytingar á gjaldskrá KSÍ.

# Félagaskipti, samningar og staða leikmanna og félaga

## Dreifibréf nr. 1/2022

- Ákvæði um félagaskipti innanlands og viðauka um rafrænt félagaskipti KSÍ uppfærð.
- Frá og með sl. áramótum aðeins gengið frá félagaskiptum rafrænt.
- Fjárhæðum skráningargjalda breytt í samræmi við breytingar á gjaldskrá KSÍ.
- Við félagaskipti erlends leikmanns sem kemur frá öðrum löndum en innan EES, Grænlandi og Færeyjum í íslenskt félag skal fylgja staðfesting á atvinnu- og dvalarleyfi

## Dreifibréf nr. 5/2022

- Keppnistímabil skilgreint frá 1. febrúar til 16. nóvember
- Staðalsamningar uppfærðir til samræmis. Samningar skulu renna út á tímabilinu 16. nóvember til 31. desember.

# Viðmiðunarreglur samninga- og félagaskiptanefndar

## Dreifibréf nr. 8/2022

- Viðmiðunarreglur sem ber að hafa til hliðsjónar vegna beiðna um félagaskipti utan félagaskiptatímabils.
- Hafa skal í huga sanngirni og íþróttamennsku og það hvort félagaskipti hafi neikvæð áhrif á þá keppni sem leikmaður verður hlutgengur í.
- Þá skal eftirfarandi haft í huga:
  a) Undanþága tekur aðeins til samningsleikmanna
  b) Leikmaður sé samningslaus og var orðinn samningslaus áður en síðasti gluggi lokaði
  c) Undanþága geti aðeins verið veitt einu sinni hvert keppnistímabil fyrir hvert félag
  d) Ekki skal veita undanþágu ef færri en fimm leikir eru eftir af móti
  e) Hefur samningsleikmaður verið virkur í atvinnuleit frá því síðasti samningur rann út
  f) Þarfir leikmanns til að viðhalda atvinnuferli hafðar af leiðarljósi (ekki þarfir félags).

# Félagaskiptagluggar árið 2023

Dreifibréf nr. 9/2022 / Tillögur starfshóps um félagaskiptaglugga

**Félagaskiptagluggi efri deilda karla og kvenna:**

Besta deild karla, Besta deild kvenna, Lengjudeild karla, Lengjudeild kvenna og 2. deild karla
Fyrri gluggi (12 vikur): 2. febrúar til 26. apríl 2023

Sumargluggi (4 vikur): 18. júlí til 15. ágúst 2023

Sérstakur sumargluggi í 2. deild karla og 1. deild kvenna (2 vikur): 18. júlí til 1. ágúst 2023

**Félagaskiptagluggi neðri deilda karla og kvenna:**

2. deild kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla, 5. deild karla og Utandeild karla.
Félagaskiptagluggi: 2. febrúar til 1. ágúst 2023

# Leyfisreglugerð KSÍ (útgáfa 5.1.)

## Dreifibréf nr. 10/2022

- Yfirlit breytinga:
  - **Svartlitað**: Ný skilyrði í leyfisreglugerð fyrir öll félög innan leyfiskerfis
  - **Rauðmerkt**: Ný skilyrði sem aðeins ná til félaga í Evrópukeppnum kk. og kvk.

# Knattspyrna í yngri flokkum

- **Grein 19** – Áætlun um uppeldisstarf
  - Krafa um reglulega yfirferð og sannreyningu KSÍ á framkvæmd áætlunar um knattspyrnulegt uppeldi
  - Aukning á kröfum um efni áætlunar (skipulag, nefndir, aðstöðu, fjárveitingar, þjálfunaráætlun og fræðslufundi).
- **Grein 20** – Yngri lið
  - Aukning á kröfum um fjölda yngri liða leyfisumsækjanda.
  - Raunaukning á kröfum hjá leyfisumsækjanda í efstu deild kvenna
- **Grein 52** – Markmannsþjálfari fyrir yngri flokka
  - Leyfisumsækjandi í efstu deild karla og efstu deild kvenna skal hafa menntaðan markmannsþjálfara fyrir yngri flokka. (Tekur gildi 2024)

# Knattspyrna kvenna

- **Grein 21** – Knattspyrna kvenna
  - Leyfisumsækjandinn skal styðja við knattspyrnu kvenna, með verkefnum og starfsemi sem miða að því bæta hana, auka jafnræði, fagmennsku og áhuga.
  - Öll félög sem taka þátt í efstu deild karla sendi einnig lið í meistaraflokki til keppni í Íslandsmóti kvenna, ásamt því að taka þátt í opinberum mótum fyrir yngri flokka kvenna
  - Heimilt að starfrækja í samstarfi við annað aðildarfélag, sameiginlegt meistarflokks lið („skástrikslið“)

# Samfélagsábyrgð knattspyrnu

- **Grein 27** – Stefnumörkun vegna samfélagsábyrgðar knattspyrnu
  - Innleiða stefnu um samfélagsábyrgð knattspyrnu í samræmi við Sjálfbærnistefnu UEFA í knattspyrnu 2030 og viðeigandi leiðbeiningar
- **Grein 31** – Knattspyrna fyrir alla
  - Marka og framfylgja stefnu, sem gerir það auðvelt og skemmtilegt að styðja og starfa að knattspyrnumálum fyrir leyfisumsækjanda, óháð fötlun eða öðrum takmarkandi þáttum.
- **Grein 32** – Umhverfisvernd
  - Marka og framfylgja stefnu, sem bætir umhverfisvitund, umhverfisfótspor hans og sjálfbærni.
- **Grein 44** – Yfirmaður samfélagsábyrgðar knattspyrnu
  - Tilnefna einstakling sem heldur utan um verkefni sem falla undir samfélagsábyrgð knattspyrnu hjá leyfisumsækjanda, samkvæmt Stefnu UEFA um Sjálfbærni Knattspyrnu 2030

# Samningar leikmanna

- **Grein 24** – Ný viðmið vegna samninga við samningsleikmenn (professional)
  - Tryggja þarf að leikmannssamningar leikmanna félagsins, séu í samræmi við viðeigandi ákvæði í Samkomulagi varðandi lágmarkskröfur fyrir staðlaða samninga leikmanna sem hafa atvinnu af knattspyrnu í Evrópusambandinu.
- **Grein 25** – Reglur um lán samningsleikmanna (professional)
  - Virða ákvæði Reglugerðar FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna og Reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga hvað varðar lán á leikmönnum sem hafa atvinnu af knattspyrnu

# Menntun þjálfara

- Þjálfaramenntun
  - **Grein 47** - Aðalþjálfari í mfl.
    - Auknar kröfur um skilgreint hlutverk
    - Krafa um <u>UEFA Pro gráðu</u> fyrir tímabilið 2024 í efstu deild karla og efstu deild kvenna
  - **Grein 48** – Aðstoðarþjálfari í mfl.
    - Krafa um aðstoðarþjálfara bætist við í efstu deild kvenna
    - Krafa um <u>UEFA A gráðu</u> fyrir tímabilið 2024 í efstu deild karla og kvenna
  - **Grein 49** – Markmannsþjálfari í mfl.
    - Krafa um markmannsþjálfara bætist við í efstu deild kvenna
    - Krafa um <u>UEFA A markmannsþjálfaragráðu</u> fyrir tímabili 2024 í efstu deild karla og kvenna

# Annað starfsfólk

- **Grein 42 – Viðburðastjóri**
  - Skal hafa í þjónustu sinni viðburðastjóra sem heldur utan um skipulag leikja.  Hann skal vera ábyrgur fyrir heildarskipulagi á heimaleikjum meistaraflokks (Aðeins í efstu deild karla).
- **Grein 43 – Auknar kröfur vegna öryggisstjóra**
  - a) Sé með skírteini um menntun sem lögreglumaður eða almennur eftirlitsmaður, í samræmi við íslensk lög.
  - b) Hafi farið á og lokið námskeiði um öryggis- og eftirlitsmál hjá KSÍ eða opinberlega viðurkenndri stofnun, þ.m.t. málefni mannfjöldastjórnunar og öryggis á knattspyrnuvöllum.

# Lagalegar forsendur

- **Grein 60** – Yfirlýsing um að virða lög- og reglur – Auknar kröfur
  - Leyfisumsækjandi verður að staðfesta með löggildri yfirlýsingu að hann;
    - Tryggi að allar tekjur og kostnaður sem tengjast knattspyrnustarfsemi hafi verið innifalið í uppgjörsumhverfinu
    - Tryggi að allar viðeigandi upplýsingar vegna breytinga á lögformlegri stöðu aðila, lögformlegu skipulagi samstæðu eða auðkennum hafi borist KSÍ og UEFA fyrir upphaf leyfistímabilsins
- **Grein 61** – Lágmarks lagalegar upplýsingar – Auknar kröfur
  - Leyfisumsækjandi verður að leggja tilteknar lögformlegar lágmarks upplýsingar skv. Upptalningu í greni 61
- **Grein 63** – Lögformlegt skipulag – Auknar kröfur
  - Láta leyfisveitanda í té yfirlit um lögformlegt skipulag félags/félagasamstæðu.
  - Ber að leggja fram yfirlit yfir lykilstjórnendur, helstu breytingar og staðfestingu á skipurit sé tæmandi.
- **Grein 64** – Hæstráðandi aðili (nýtt)
  - Láta leyfisveitanda í té upplýsingar um hæstráðandi aðila og aðila sem hafa veruleg áhrif.

# Fjárhagslegar forsendur

- **Grein 69** - Ný regla um eigið fé (Breyting frá fyrri reglu)
  - Í ársreikningi sínum skal leyfisumsækjandi sýna eiginfjárstöðu sem:
    a. er jákvæð; eða
    b. hefur batnað um 10% eða meira frá 31. desember árið áður.
    c. **Ef neikvætt, þá ber UEFA leyfisumsækjanda að skila nýjum endurskoðuðum efnahagsreikning 31. mars sem uppfyllir a) eða b).**
    d. **Ef neikvætt, þá ber öðrum leyfisumsækjendum að skila inn nýjum efnahagsreikningi staðfestum af stjórn félagsins eigi síðar 31. mars sem uppfyllir a) eða b).**
- **Grein 71, 72 og 73** – Engin vanskil gagnvart knattspyrnufélögum, starfsfólki og opinberum aðilum
  - Engin vanskil sem ber að staðfesta fyrir 31. mars ár hvert, miðist við 28. febrúar í stað 31. desember ár hvert.
  - Hugtakið starfsfólk ef verið víkkað út til þjónustuaðila
- **Ný grein 72. (mgr. 6):**
  - Starfsmaður, skv. málsgrein 3, sem telur að leyfisumsækjandi hafi ekki sýnt fram á skilvísi, skv. málsgrein 1, fyrir leyfistímabilið skal tilkynna leyfisveitanda (KSÍ) um það tafarlaust. Tilkynni starfsmaður um vanskil til leyfisveitanda, þá skal leyfisveitandi óska eftir því við viðkomandi leyfisumsækjanda að hann skili til leyfisveitanda staðfestingu á engum vanskilum gagnvart viðkomandi starfsmanni eða sýni fram á engin vanskil eins og þau eru skilgreind í Viðauka V.
- **Grein 74** – Engin vanskil gagnvart KSÍ og UEFA (nýtt)

# Aðrar breytingar

- Skarpari skil á milli forsendna í Evrópukeppni og forsendna í Íslandsmótum
- Fjárhagsskilyrði vegna þátttöku í Íslandsmótum einfölduð
  - Engin vanskil við knattspyrnufélög
  - Engin vanskil vegna starfsmanna
  - Engin vanskil við opinbera aðila
- Nýjir gátlistar og ný sniðmát á tækjakassa leyfiskerfis

# Aðrar reglugerðir:

**Aðgönguskírteini:**

- Breyting á heiti efstu deilda
- Dreifibréf nr. 2/2022

**Samkeppnisréttarstefna KSÍ**

- Dreifibréf nr. 7/2022

**Deildarbikarkeppni karla**

- Fjögur lið leiki til úrslita í stað átta
- Dreifibréf nr. 1/2022

**Reglugerð um sóttvarnir**

- Dreifibréf nr. 1/2022

Takk fyrir.